

Aðalfundur Starfsmannafélags Suðurnesja haldinn í fundarsal í Krossmóa, þriðjudaginn 22. september 2020.

Dagskrá.

1. Stefán Ólafsson, formaður félagsins setti fund kl. 20:00 og bauð fundarmenn velkomna. Aðalfundi félagsins sem halda átti í apríl hafði verið frestað vegna COVID 19 og áhrif faraldursins hefur áhrif á þennan fund þar sem einungis 16 félagsmenn eru mættir á fundinn að stjórn meðtalinni.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara. Stungið upp á Kjartani Fr. Adólfssyni sem fundarstjóra og Höllu Þórhallsdóttur sem fundarritara. Tillagan samþykkt samhljóða.
3. Skýrsla stjórnar. Formaður las skýrslu stjórnar. Haldnir voru 7 stjórnarfundir á árinu og voru þeir færri en venjulega vegna COVID 19. Staðan á orlofshúsum er mjög góð og búið er að endurnýja öll orlofshús í Munaðarnesi og Reykjaskógi. Orlofshúsin á Akureyri eru í góðu standi og nýbúið er að endurnýja baðherbergi í orlofshúsi á Spáni. Þrátt fyrir góða stöðu orlofshúsa er áfram hugað að endurbótum og viðhaldi. Nýting húsa hefur verið mjög góð að Spáni undanskildu. Drjúgur tími fór í gerð kjarasamninga og má þar nefna að kjósa þurfti um hvort starfsmenn færu í verkfall en til þess þurfti ekki að koma þar sem samningar tókust. Í kjarasamningum náðist sátt um styttingu vinnuvikunnar og orlofsréttur allra verður sá sami. Einnig náðist samkomulag um svokallaðan félagsmannasjóð.
4. Reikningar félagsins. Lilja Karlsdóttir frá KPMG fór yfir reikninga félagsins og þeir lagðir fram. Þeir eru nú aðgengilegir á heimasíðu STFS <https://stfs.is/wp-content/uploads/2020/09/arsreikningur-2019.pdf>
5. Lagabreytingar. Engar lagabreytingar komu fram.
6. Kosning skoðunarmanna reikinga skv. 6. gr. laga félagsins til eins árs. Tillaga um skoðunarmenn. Guðmundur E. Jólsson Eiríkur Bjarki Eysteinnsson Birna Þórðardóttir til vara. Samþykkt samhljóða
7. Kosning stjórnar skv. 6. gr.

Samkvæmt lögum félagsins skal kjósa tvo meðstjórnendur til tveggja ára og tvo varamenn til eins árs.

Uppstillingarnefnd auglýsti eftir framboðum í mars. En upphaflega var aðalfundur settur á dagskrá 15. apríl s.l. Einungis framboð frá Höllu Þórhallsdóttur barst til aðalstjórnar og framboð frá Önnu Steinarsdóttur barst til varastjórnar áður en framboðsfrestur rann út.

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu, fordæma frá öðrum félögum og óvissu um hvenær unnt yrði að halda aðalfund, var áður auglýstur framboðsfrestur látin gilda.

Í samráði við lögmann hjá BSRB var samþykkt að leita afbrigðis hjá fundarmönnum um að kalla eftir viðbótarframboðum hjá viðstöddum til stjórnar. Var tillaga samþykkt samhljóða.

Halla Þórhallsdóttir telst því sjálfkjörin til tveggja ára.

Á fundinum komu fram tvö framboð til aðalmanns í stjórn frá Ástríði Sigþórsdóttur og Önnu Steinarsdóttur.

Niðurstöður kosninga.

Ástríður Sigþórsdóttir fékk 7 atkvæði og Anna Steinarsdóttir fékk 9 atkvæði.

Anna Steinarsdóttir er því réttkjörin til tveggja ára.

Þar sem Anna Steinarsdóttir var kosin í aðalstjórn var óskað var eftir framboðum tveggja varamanna í stjórn til eins árs, Ásdís Óskarsdóttir og Birna Þórðardóttir buðu sig fram sem fundarmenn samþykktu með lófaklappi.

8. Kosning nefnda í eitt ár.

Tillaga um þrjá aðila í Uppstillingarnefnd

Ásdís Óskarsdóttir

Ingibjörg Samúelsdóttir

Kristjana Ósk Hjaltadóttir.

Samþykkt samhljóða.

Orlofsnefnd. Tilnefnd eru eftirfarandi aðilar.

Elísabet Sævarsdóttir

Ástríður Sigþórsdóttir

Samþykkt samhljóða.

Starfsmenntunarnesjóður. Tilnefndar eru eftirfarandi aðilar.

Ásdís Óskarsdóttir

Ingibjörg Samúelsdóttir

Samþykkt samhljóða.

9. Ákvörðun félagsgjalda. Samþykkt að hafa félagsgjöldin óbreytt.

10. Kosning fulltrúa á þing B.S.R.B. Vísað til stjórnar.

11. Önnur mál.

Fyrirspurn um styttingu vinnuvikunnar. Formaður sagði að B.S.R.B hefði útbúið leiðbeiningar hvernig standa mætti að styttingunni og fór yfir möguleika starfsfólks um að taka sér neysluhlé í stað kaffitíma. Félagið hefur óskað eftir upplýsingum frá vinnuveitendum um hvort vinna væri hafin við útfærslu á styttingunni en svör hafa ekki borist.

Rætt var um eingreiðslur svo sem orlofsuppbót og desemberuppbót og þykja þeim sem eru á launadreifingu reglur óskýrar.

Engar veitingar voru í boði á fundinum vegna COVID 19 og lofar stjórn bót og betrun á næsta aðalfundi félagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:00

Halla Þórhallsdóttir ritaði fundargerð.